



Fjölbrautaskóli Suðurlands
Vorönn 2016

FRAN1AA05-1

Kennari:	Hrefna Clausen	St.312	HC
-----------------	-----------------------	---------------	-----------

Áfangalýsing:

Þar sem þetta er byrjunaráfangi, er megináhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins í gegnum tal, hlustun, lesskilning og ritun. Áhersla er lögð á réttan framburð, uppbyggingu orðaforða og að þjálfa grunnatriði málfræðinnar. Fléttað er inn í kennsluna menningu frönskumælandi landa. Til að þjálfa þessi atriði er hægt að styðjast við eftirfarandi efnisþætti: Kynning á sjálfum sér og öðrum, að kveðja og heilsa, helstu samskiptavenjur, líkaminn og persónueinkenni, daglegar athafnir, skoðanir og smekkur (að líka/mislíka) aldur, búseta, starf, þjóðerni, lönd og tungumál, tölur, dagar, mánuðir og árstíðir, **Undanfari: Enginn**

Þekkingarviðmið: Nemandi skal, að áfanga loknum, hafa aflað sér þekkingar og skilnings á:

- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- mannlífi, menningu og siðum í löndum þar sem tungumálið er talað sem móðurmál/fyrsta mál
- samskiptavenjum
- grundvallarþáttum málkerfisins
- formgerð og byggingu texta
- mismuni á töluðu og rituðu máli

Leikniviðmið: Nemandi skal, að áfanga loknum, hafa öðlast leikni í að:

- skilja talað mál um kunnuglegt efni þegar talað er skýrt og áheyrilega
- lesa ýmiss konar texta um kunnuglegt efni og beita viðeigandi aðferðum eftir því hver tilgangur með lestrinum er hverju sinni
- bregðast við spurningum um kunnuglegt efni og beita kurteisisvenjum og hljómfalli við hæfi
- beita nauðsynlegum orðaforða til að mæta hæfniviðmiðum þrepsins
- skrifa einfaldan texta um efni sem hann þekkir og nota viðeigandi málfar
- fara eftir grundvallarreglum sem gilda um ritað mál
- nota upplýsingatækni og hjálpargögn við tungumálanámið

Hæfniviðmið: Nemandi skal, að áfanga loknum, geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- greina einfaldar upplýsingar þegar talað er hægt og skýrt
 - velja rétt samskiptaform miðað við aðstæður hverju sinni
 - vinna úr textum á mismunandi hátt eftir því hver tilgangurinn er með lestri hverju sinni
 - átta sig á innihaldi stuttra blaðagreina og texta
 - skipuleggja nám sitt og námsaðferðir
 - meta vinnulag og framfarir í áfanganum
 - vera meðvitaðri um hvaða leiðir nýtast best til að tileinka sér franska tungu
-

Markmið áfangans : Í **FRAN1AA** er stefnt að því að nemendur

Hlustun :

- geti skilið einföld fyrirmæli kennarans á frönsku og brugðist við þeim
- geti skilið talað mál með einföldum orðaforða

Lestur :

- geti lesið til skilnings stutta texta með einföldum orðaforða sem fjalla um þekkt efni
- geti áttað sig á meginefni í lengri texta

Tal :

- nái þokkalegu valdi á frönskum framburði, áherslum málsins og hrynjandi
- geti kynnt sig og aðra með nafni og spurt þess sama
- geti spurt og svarað atriðum er varða aldur, búsetu og áhugamál
- geti spurt og brugðist við einföldum, algengum spurningum um þekkt efni

Ritun :

- geti unnið með orðaforða áfangans á sjálfstæðan hátt
- geti skrifað einfaldan, samfelldan texta um daglegt líf, fjölskyldu og áhugamál

Kennsluefni:

- **SCÉNARIO 1 - *textabók*** (*Méthode de français*)
- **Málfræðihefti fyrir Fran1AA** eftir Hrefnu Clausen (*Ma chère grammaire !*)
- Að auki skulu nemendur útvega sér **STRAX** í upphafi annar :
 - **stílabók með milliblöðum** fyrir allar glósur í tímum, verkefni, málfræðireglur, ígrundun og fl. Þessi stílabók sem kallast **Journal de bord** (*Leiðarabók, sýnir virkni nemandans á önninni og er þannig hluti af námsefninu* sem gildir til námsmats.
 - **Plastmöppu** fyrir *skilaverkefni, ljósrit, valin ritunarverkefni, próf, matsblöð og fleira* .

- **orðabækur**, á pappír eða rafrænar, t.d.:
- www.snara.is frjáls aðgangur. (Ísl-frönsk orðabók ekki til en er í vinnslu).
- www.wordreference.com/fr frjáls aðgangur
- <http://www.translate.com/> frjáls aðgangur og hægt að hlusta á framburð orða
- leconjugueur.lefigaro.fr/ frjáls aðgangur - vefur um beygingu franskra sagna
- www.duolingo.com frjáls aðgangur – tungumálakennsluvefur

ÁÆTLUN UM YFIRFERÐ NÁMSEFNIS OG KENNSLU Á ÖNNINNI

Kennslubókin, **SCÉNARIO 1**, verður lögð til grundvallar hvað efni og yfirferð áfangans varðar. Markmiðið er að ljúka yfirkaflanum, MODULE 1 (bls.10-40) sem heitir *Bien dans sa peau* (Að líða vel í eigin skinni). Fjölbreytt námsmat verður viðhaft reglulega á önninni til að meta kunnáttu nemenda. Kennari mun einnig reglulega meta virkni og vinnubrögð **og þar kemur leiðarbókin sterk inn.**

Athugið vel eftirfarandi :

- Nemendur **bera sjálfir ábyrgð** á náminu. Því er nauðsynlegt að skipuleggja vel tíma sinn, mæta í kennslustundir, lesa það sem kennari setur á MOODLE og sinna náminu reglulega. Auðvelt er að dragast afturúr með slugsí.
- Geti nemandi ekki tekið próf eða lokið verkefni á þeim tíma sem það er lagt fyrir, **skal hann sjálfur** hafa frumkvæði að því að ljúka því á öðrum tíma. Annars verður gefin einkunnin 0.
- Þeir nemendur sem eru einhverra hluta vegna undanþegnir skólasóknarreglum skulu **fylgjast vel með allri vinnu áfangans m.a. á MOODLE.**
- **Einkunnin 0 er gefin fyrir vanskil og eða fjarveru á verkefnum/prófum hafi engin viðhlítandi skýring borist þar að lútandi.**
- **Notkun snjalltækja í kennslustundum er háð reglum sem kennari setur.**
- **Allir nemendur taka skriflegt lokapróf óháð annareinkunn.**

NÁMSMAT

Annareinkunn <i>Próf og verkefni, virkni og vinnubrögð (leiðarbók og mappa)</i>	30%
Munnleg færni og hlustun	20%
Skriflegt próf í lok annar	50%
	100%

Áætlun um kennslu og yfirferð í FRA1AA-05 á VORÖNN 2016 (sjá nánar á Moodle)

Vika	Viðfangsefni	Helstu verkefni
2. vika 6.-10. janúar	Kynning á áfanga. Hópefli Présentation du cours. Se présenter. <i>Bonjour ! Salut ! Comment tu t'appelles ? Qu'est- ce que c'est ?</i>	Markmið og helstu áherslur Fran1AA . Að heilsa, spyrja og segja til nafns. Ígrundun 1 í <i>Journal du bord /Leiðarbók</i> .
3. vika 11.-17. janúar	Leçon 0 et Leçon 1. Questions et réponses - Compter jusqu'à 10	Kaflar 0 og 1 Spurningar og svör. Að telja upp í 10.
4. vika 18.-24. janúar	Leçon 1 – Présenter quelqu'un, la nationalité et les pays	Kaflí 1 – Kynna einhvern, þjóðerni og lönd. Námsmat
5. vika 25. -31. janúar	Le présent des verbes en –ER Les pronoms personnels	Nútíð reglulegra sagna. Persónufornöfn. Námsmat .
6. vika 1.-7. febrúar	Leçon 2 - Les mois de l'année, les nombres, l'âge	Kaflí 2 - Mánuðir, tölur, aldur.
7. vika 8.-14. febrúar	Les articles définis et indéfinis, Les verbes avoir et être	Ákv. og óákv. greinar, sagnirnar að hafa og að vera . Kaflapróf .
8. vika 15.-21. febrúar	Un film en français	Kvikmynd með frönsku tali
9. vika 22.-28. febrúar	Kátir dagar og Flóafár	
10. vika 29. feb.-6. mars Miðannarmat	Les nombres et compréhension de l'oral p. 25	Tölur og hlustun p. 25. Ígrundun
11. vika 7.-13. mars	Leçon 3 – Des nouvelles	Kaflí 3 – Spyrja og segja fréttir.
12. vika 14. -20 mars	<i>Décrire une personne.</i>	Að lýsa persónu.
13.-14. vika 21.- 30.mars	Páskafri	
15. vika 4.-10.apríl	<i>Les interrogatifs, le verbe aller, les adjectifs</i>	Spurnarfornöfn, sögnin að fara/líða – lýsingarorð - Námsmat
16. vika 11. -17.apríl	Leçon 4 – Exprimer des goûts et un état physique -	Kaflí 4 – Lýsa smekk og líkamsástandi.
17. vika 18.- 24. apríl	La négation – Le corps	Neitunin – Líkaminn
18.vika 25.apríl -1.maí	<i>Révision</i>	Samantekt og upprifjun. Kaflapróf
19.-20.vika 2. - 11.maí	<i>Fin du cours.</i>	Lok og frágangur. Ígrundun

Með fyrirvara um breytingar og von um farsælt samstarf á önninni, FSu, janúar 2016, Hrefna Clausen.